

Ed.

49. Viðaukatillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð (þskj. 10).

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson.

1. Á undan 1. gr. frv. koma fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (1. gr.). 2. töluliður 5. greinar laganna falli niður, og breytast liðtölur gr. samkvæmt því.
 - b. (2. gr.). 1. málsgrein 7. gr. laganna falli niður, en í hennar stað komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Til undirbúnings fyrir þá, er leita vilja lántöku úr Kreppulánasjóði, skulu allar hreppsnefndir kveðja með skriflegu fundarboði og a. m. k. 8 daga fyrirvara, til almenns hreppsfundar meðal bænda, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því er lög þessi öðlast gildi, og á hver sá, er æskir láns úr sjóðnum, að gefa það til kynna á fundi þessum, og ber hreppsnefnd að semja sérstaka skrá yfir nöfn umsækjenda. Þeir, er áður hafa leitað lána úr sjóðnum og þegar hafa verið auglýstir í Lögbirtingablaðinu eftir eldri reglum, koma hér ekki til greina, og búa þeir að hinu fyrra skipulagi. Skrá hreppsnefndar yfir alla þá búendur í sveitinni, er á þennan hátt æskja láns úr sjóðnum, með yfirlýsingu hreppsnefndar um fundinn, og að þessir og eigi fleiri þar í hreppi sækji um lán úr Kreppulánasjóði, skal síðan með bréfi, stíluðu til sjóðsstjórnarinnar, send án undandráttar hlutaðeigandi héraðsnefnd, sem útvegar og sendir stjórn Kreppulánasjóðs eftirfarandi gögn, svo fljótt sem verða má:

Þar á eftir helzt greinin, 1.—9. tölul., óbreytt, en á eftir komi ný málsgrein, svolátandi:

Gögnum þessum lætur héraðsnefnd fylgja, ásamt umsækjendaskrá hreppsins, rökstudda umsögn um hvern umsækjenda um sig, hvort hún telji, að hann geti komið til greina um lánveiting.

- c. (3. gr.). Upphaf 8. gr. laganna, aftur að „Skal í auglýsingunni tekið fram“ o. s. frv., falli niður, en í þess stað byrji greinin þannig:

Þegar eftir að sjóðsstjórnin hefir fengið umsóknir úr ákveðnum hreppi, með tillögum héraðsnefndar, tekur hún ákvörðun um það, hver eða hverjir lánbeiðenda geti komið til greina við lánveiting, og tilkynnir það þegar í stað og á óbyggjandi hátt oddvita hlutaðeigandi hrepps, er skal síðan láta þá vita án undandráttar, sem teknir eru til greina af sjóðsstjórninni. Jafnframt þessu og á sama hátt skal stjórn Kreppulánasjóðs senda tilkynningu þeim umsækjendum, er hún telur, að eigi geti

komið til greina við lánveitingu. Annað eintak þessara tilkynninga sendir sjóðsstjórnin formanni héraðsnefndar. Eftir ákvarðanir sínar samkvæmt framanskráðu skal sjóðsstjórnin láta birta þrisvar í Lögbirtinga-
blaðinu auglýsingu um, að lánbeiðnir úr tilteknum hreppi séu komnar til hennar og teknar til greina, og skorar hún á alla þá, er fjárkröfur eiga, þar með taldar ábyrgðir, á hendur þeim búendum, er innköllunin gildir um, að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins með 8 vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal þess getið í auglýsingunni, að skrá yfir þessa lánbeiðendur hreppsins sé til sýnis hjá stjórn sjóðsins í Búnaðarbankanum í Reykjavík, og einnig hjá formanni hlutaðeigandi héraðsnefndar og hreppsnefndaroddvita; enda skal skylt að hafa lánbeiðendaskrána til sýnis fyrir skuldheimtumenn, hjá þeim, er nefndir voru, allan freststimann.

Í síðari hluta sömu lagagreinar bætist við fyrir aftan orðin „átt kost á að sjá auglýsinguna“: eða lánbeiðendaskrána.

Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgrein, svo látandi:

Skyldur hreppsnefndar eftir lögum þessum hvíla á bæjarstjórnnum, ef um lánbeiðendur í kaupstöðum er að ræða.

d. (4. gr.). Í 9. gr. laganna bætist á eftir orðunum „Telji hún, að umsækjandi“: er látinn var koma til greina samkv. 8. gr.

2. Á eftir 1. gr. frv. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, er hljóðar þannig:

Vanræki hreppsnefnd eða bæjarstjórn skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, varðar það sektum frá 40—600 kr., og renni sektirnar í Kreppulánasjóð. Mál, er rísa af slíku, skulu sæta meðferð alm. lögreglumála.

3. Á eftir 2. gr. frv. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 78 19. júní 1933, og gefa þau út svo breytt.

Greinatala breytist samkv. atkvgr.